



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

Reykjavík, 9. september 2024

SFS24090090

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að lagt verði mat á samfélagsleg og lýðheilsuleg áhrif af gjaldfrjálsum grunnskólamáltíðum

Í upphafi þessa skólaárs er verið að innleiða gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum borgarinnar. Mikilvægt er að nýta tækifærið til þess að taka grunngildamælingu svo hægt sé í framhaldinu að meta árangur innleiðingarinnar. Lagt er til að fylgst verði með eftirfarandi þáttum, eins og hægt er og þróun þeirra: Uppfyllir maturinn næringarviðmið; næringargildi, gæði og magn aðkeypts matar borið saman við skólaeldhús; matarsóun; hlutfall nemenda sem eru skráð í mat; skráningarferli; upplifun barna af matnum og aðstöðunni; aðstöðu í skóla og nýtingu á aðstöðu; fjölda skóla sem matreiða að öllu leyti á staðnum og fjölda sem fá aðkeyptan tilbúinn mat og fjöldi sem fara blandaða leið. Þetta verði gert til að taka stöðuna eins og hún er nú og svo að hægt sé að fylgjast með ár frá ári og bregðast við til að bæta stöðuna, ef þarf. Útfærsla og framkvæmd verði í samvinnu við faglega óháða aðila, svo sem landlækni og háskólasamfélagið.

Greinargerð:

Hér er fjallað um nokkur atriði sem gott væri að fylgjast með og þróun þeirra eða breytingar eftir að gjaldfrjálsar skólamáltíðir eru innleiddar:

- Uppfylla skólamáltíðir í Reykjavík næringarviðmið landlæknis?
- Er munur á næringargildi, gæðum eða skammtastærð eftir uppruna matarins? Aðkeyptar máltíðir bornar saman við þær sem matreiddar eru að fullu í eldhúsi skóla.
- Fjöldi skóla með mat eldaðan á staðnum og fjöldi skóla sem útvista.
- Hvort starfsfólk í skólum hafi búnað, eldhúsaðstöðu og stuðning til þess að hafa góðan, fjölbreyttan og næringarríkan mat á borðum.
- Hvort börnunum líkar við matinn og mataraðstöðuna.
- Matarsóun, á hvern nemanda á ári.
- Eru fleiri skráðir í mat eftir að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar? Ef svo er ekki, hver er ástæðan? Fylgjast með skráningum á milli ára.
- Hvernig gengur að skrá börnin í mat? Er ferlið aðgengilegt fyrir foreldra og forráðamenn?

Markmiðið með þessu er að hafa upphafsviðmið sem sýnir raunverulega stöðu þessara grunngilda, svo hægt sé að fylgjast með þróun þeirra með tímanum og hvort að sá árangur sem stefnt er að hafi náðst.



Reykjavík